



Jarðhitafélag Íslands

Fundargerð 103. stjórnarfundar Jarðhitafélags Íslands mánudaginn 21. maí kl. 15:00 í húsakynnum Samorku.

Mættir: Bjarni Pálsson, formaður, Claus Ballzus, Gústaf Adolf Skúlason, Jakob S. Friðriksson, Kristín Vala Matthíasdóttir, Magnús Þór Jónsson og Magnús Ólafsson.

Í upphafi fundar voru þau Kristín Vala og Magnús Þór boðin velkomin á sinn fyrsta fund í stjórn félagsins, en þau voru kjörin ný í stjórnina á aðalfundi þann 17. apríl.

1. Fundargerð síðasta fundar.

Fyrirliggjandi drög samþykkt.

2. Verkaskipting stjórnar

Bjarni Pálsson var kjörinn formaður á aðalfundi 17. apríl en á fundi stjórnar var Kristín Vala kjörin varaformaður. Þá var Claus kjörinn til áframhaldandi starfa sem gjaldkeri og Gústaf sem ritari. Jakob, Magnús Ólafsson og Magnús Þór eru meðstjórnendur.

3. Styrkur JHFÍ

Ákveðið að auglýsa styrk félagsins til íslensks háskólanema í doktorsnámi með sama hætti og á liðnu ári. Umsóknarfrestur verður til 20. ágúst.

4. Haustfundur

Ræddar hugmyndir að dagskrá og dagsetningu haustfundar.

5. Önnur mál

a. Ein umsókn hafði borist um félagsaðild frá síðasta aðalfundi, frá Ingu Dóru Hrólfsdóttur, framkvæmdastjóra þróunarsviðs OR. Var henni tekið fagnandi af stjórninni.

b. Gjaldkeri gerði grein fyrir stöðu á innheimtu árgjalda fyrir árið 2011, sem hófst í byrjun árs 2012 með nýju ferli bankainnheimtu. Innheimtan gengur ágætlega, útistandandi eru árgjöld þriggja fyrirtækja og níu einstaklinga.

c. Fjallað var um þá umræðu sem nú á sér stað í samfélaginu um nýtingu háhitasvæða, í tengslum við rammaáætlun. Stjórnarmenn hafa af því áhyggjur hvernig álit sérfræðinga í jarðhitanytingu virðast ekki hafa mikið vægi í þessari umræðu. Formaður hyggst leggja drög að almennri hvatningu til að þar verði gerð almenn bragarbót.

Næsti fundur verður haldinn mánudaginn 25. júní kl. 15:00, í húsakynnum Háskóla Íslands.

Fundi slitið kl. 16:15. Gústaf Adolf Skúlason, fundarritari
